

39. stjórnarfundur haldinn í Snæfellsstofu þann 26. nóvember 2010.

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson, Elín Heiða Valsdóttir og Magnús Hallgrímsson. Þórunn Pétursdóttir var í síma.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig, nýr formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 10.00:

1. Samþykkt dagskrár

Björn Ármann ræddi um að venja hafi skapast að svæðisráð hafi verið kvödd til fundar við stjórn þegar stjórn fundar á viðkomandi svæði.

Kristveig sagði að vegna breytinga í stjórn garðsins hafi verið ákveðið að stjórn myndi eingöngu hittast á þessum fundi en stefnt yrði að fundum með svæðisráðum á næstu fundum stjórnar.

- Dagskrá samþykkt

2. Samþykki fundargerðar frá 20. október 2010

Björn Ármann ræddi mikilvægi þess að gengið verði frá fundargerð í lok hvers fundar. Þá gerði hann athugasemdir við bókun í viðkomandi fundargerð í 2., 3. og 4. lið.

Böðvar tók undir orð Björns Ármanns

Þórður fór yfir fundargerðina og ræddi um eðli fundargerða almennt.

Stjórn samþykkir að gengið verði frá fundargerð í lok hvers fundar og allar fundargerðir fara á netið þegar þær hafa verið samþykktar.

- Fundargerð samþykkt með áorðnum breytingum.

3. Rekstrarmál 2010

Agnes Brá Birgisdóttir og Ragna Fanney Jóhannsdóttir starfsmenn á Austursvæði mættu á fundinn undir þessum lið.

Þórður kynnti yfirlit yfir rekstur frá 1. jan. – 31. okt. Drög að uppgjör fyrir nóvember liggur fyrir þar sem kemur fram að rekstur er samkvæmt áætlun. Sértekjur garðsins eru heldur meiri en áætlað var. Hjalti óskaði eftir að fá gögn um rekstur á hverju svæði.

Agnes Brá gerði grein fyrir starfsemi á Austursvæði á árinu sem markast af opnun Snæfellsstofu og að garðurinn er að taka sín fyrstu skref. Ræddi hún sérstaklega um þörf á meiri landvörslu á hálendinu. Kom fram að 6000 manns hafi komið í stofuna. Áætlun um sértekjur hafi náðst og á næsta ári verður opnuð veitingasala í stofunni. Þá gerði Agnes grein fyrir starfsmannamálum á yfirstandandi ári. Sagði hún frá möguleikum varðandi heimsóknir skólahópa.

Hjalti spurði um samstarf starfsmanna og svæðisráðs þjóðgarðsins við nærsamfélagið.

Kom fram hjá starfsmönnum að heimamenn hafi verið áhugasamir um að skoða stofuna og stór hluti af gestum í sumar hafi verið úr héraðinu. Almennt hafi viðhorf þeirra til hússins og starfseminnar verið jákvætt. Þá kom fram að samstarf við sveitarfélög og ferðaþjónustuna gæti verið meiri en starfsmenn garðsins sæki málþing og ráðstefnur um tækifæri í ferðaþjónustu. Björn Ármann sagði að heimamenn væru almennt jákvæðir gagnvart Snæfellsstofu og starfsemi

garðsins. Engin samskipti hafi verið neikvæð. Þá sagði hann frá samtölum sínum við skotveiðimenn. Umræða sé hafin um hvernig efla megi samstarf garðsins við nærsamfélagið um að nýta þau tækifæri sem til staðar eru. Þá er rætt um frekari eflingu garðsins á svæðinu.

Agnes Brá ræddi um almenningssamgöngur inn í Fljótsdal og upp á hálendið. Greindi frá viðræðum við sveitarfélög um það mál. Einnig að samstarf við Gunnarsstofnun, bændur og Skógræktina væri mikilvæg til að kynna svæðið í heild sinni.

Umræður sköpuðust um mikilvægi þess að efla kynningu á þjóðarðingum á svæðinu, t.d. við Hengifoss og á Seyðisfirði.

4. Frumvarp til fjárlaga 2011

Lögð fram samantekt dags. 20. okt. 2010 varðandi frumvarp til fjárlaga 2011. Þórður fór yfir fjárlagatillögur vegna fjárlaga 2011, sem sendar voru inn snemma árs um auknar fjárveitingar til garðsins upp á samtals 85 m.kr. til að tryggja uppbyggingu hans í samræmi við stefnu sem mörkuð var við stofnun hans. Niðurstaðan er hins vegar að frumvarpið gerir einungis ráð fyrir 72,4 m.kr. niðurskurði. Þá gerði Þórður grein fyrir fundum sínum við umhverfisráðuneytið og erindum sem send hafi verið inn eftir að frumvarp til fjárlaga 2011 hafi verið kynnt. Nýr formaður og varaformaður ásamt framkvæmdastjóra áttu fund með ráðherra þann 16. nóvember þar sem fjárhagur garðsins var meðal annars til umræðu. Engin niðurstaða liggur ennþá fyrir. Þá fór Þórður yfir frumvarp til fjárlaganna 2010 og þar eru engar fjárveitingar til garðsins. Sagði hann að ef ekkert verður að gert varðandi komandi fjárlög 2011 verður staða garðsins grafalvarleg.

Hjalti sagði það sína skoðun að ef fjárveitingar til garðsins verði ekki lagfærðar verði garðurinn í þeirri mynd sem hann er í dag ekki rekstrarhæfur.

Elín sagði að öll umræða um stækkun garðsins yrði tilgangslaus.

Björn Ármann sagði að trúverðugleiki garðsins á nærsvæðinu biði hnekki og það tæki langan tíma að byggja aftur upp traust.

Kristveig og Rósa tóku undir þessi orð.

Rósa ræddi um mikilvægi garðsins fyrir ferðaþjónustu.

Kristveig lagði áherslu á mikilvægi þess að fá stöðugleika í framlög til rekstrar og framkvæmda garðsins.

Böðvar benti á að stjórnin hafi hingað til verið mjög varfærin í uppbyggingu og framkvæmdum. Miðað við stefnu sem mörkuð var í aðdraganda stofnunar garðsins ætti uppbygging að vera lengra kominn en samt væri skorið niður hjá garðinum.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leggur áherslu á að fá skýr svör um stefnu stjórnvalda í uppbyggingu Vatnajökulspjóðgarðs. Byggðar hafa verið upp miklar væntingar til garðsins og unnin umfangsmikil stjórnunar- og verndaráætlun sem markar stefnu um uppbyggingu innviða og starfsemi hans. Svör verða að fást um hvort þjóðgarðurinn hafi fjármuni til að standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til hans og halda úti þeirri starfsemi sem þó þegar hefur verið komið á fót.

Þórunn vék af fundi kl. 12.00.

5. Aðgerðaráætlun á grunni stjórnunar og verndaráætlunar

Þórður kynnti fyrstu hugmyndir að drögum að aðgerðaráætlun. Sagði hann að ýmislegt í stjórnunar- og verndaráætlun kalla á útgjöld, bæði í rekstri og framkvæmdum, og væri

aðgerðaáætlun byggð á þeim grunni. Aðgerðaáætlun er hugsuð til 10 ára. Kom fram að í aðgerðaáætlun er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við vegi, þar sem Vegagerðin hefur með það að gera. Ræddi Þórður um að einnig þyrfti að greina hver ætti að greiða fyrir verkefnum.

Rósa benti á Vini Vatnajökuls sem mögulegan aðila til að fjármagna ákveðna uppbyggingu. Kristveig upplýsti að hún og Þórður stefndu að fundi með framkvæmdastjóra og formanni Vina Vatnajökuls.

Umræða skapaðist um samvinnu á milli Vatnajökulshjódgarðs og Vina Vatnajökuls.

Hjalti þakkaði Þórði fyrir samantektina og gerði tillögu um að drögum að aðgerðaáætlun verði vísað til svæðisráða.

- Stjórn samþykkir að vísa drögum til svæðisráða til umræðu og umsagnar og skilum fyrir 15. janúar.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun

Kristveig gerði tillögu um að markviss kynning ætti sér stað á stjórnunar- og verndaráætlun þegar hún hefur verið staðfest.

Böðvar greindi frá fyrirhuguðum fundi á norðursvæði í byrjun árs 2011 sem yrði öllum opin en hann sérstaklega kynntur skilgreindum hagsmunaaðilum, s.s. útivistarsamtökum og náttúruverndarsamtökum.

Kristveig varpaði fram hugmynd um að þjóðgarðurinn héldi einn ársfund.

Björn Ármann sagði að svæðisráð austrsvæðis hefði rætt um að kynna áætlunina þegar hún lægi fyrir og sérstaklega gagnvart hagsmunaaðilum. Tók undir tillögu Kristveigar um sameiginlegan ársfund.

Rósa lagði áherslu á að áætlun um kynningu lægi fyrir áður en skrifað væri undir áætlunina, sérstaklega í Reykjavík.

Hjalti gerði grein fyrir fundi sem hann hafi haldið á Hornafirði um kynningu á áætluninni. Lagði til að fundir verði haldnir, bæði á svæðunum og á landsvísu.

Elín Heiða tók undir orð Rósu um að áætlun um kynningu lægi fyrir áður en til undirskriftar komi.

Magnús greindi frá fundum sem hann hafi setið með útivistarsamtökum.

Mikil umræða skapaðist um umfjöllun um Vatnajökulshjódgarð í fjölmiðlum.

- Formanni og framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að hvernig standa beri að kynningu á verndaráætlun Vatnajökulshjódgarðs.

7. Tillaga að breytingum á lögum og reglugerð þjóðgarðsins

Þórður lagði fram lista með atriðum til skoðunar á breytingar á lögum um Vatnajökulshjódgarð með hliðsjón af því sem reynt hefur á eftir gildistöku laganna.

Hjalti spurði um áform um stofnunar Þjóðgarðsstofnunar sem ræki alla þjóðgarða á landinu.

Kom fram að engar dagsetningar hafa komið fram um hvenær þau áform stjórnvalda eigi að ná fram að ganga.

Björn Ármann ræddi um stöðu svæðisráða og mikilvægi þess að tillögurnar yrðu ræddar í svæðisráðum.

Mikil umræða skapaðist um stöðu framkvæmdastjóra og stjórnskipunar garðsins.

- Frestað til næsta fundar. Á milli funda verður staða framkvæmdastjóra í lögum skoðuð sérstaklega.

8. Önnur mál

- Vestursvæði, gestastofa

Lagt fram bréf dags. 4. nóvember 2011 frá Jónu Sigurbjartsdóttur um samstarf um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri fh. framkvæmdaráðs samstarfshóps um þekkingarsetur.

Elín Heiða sagði að hugmyndin hafi lengi verið í umræðunni í Skaftárhreppi. Taldi mikilvægt að fundur um málið verði haldin sem fyrst til að ganga úr skugga um það hvort samstarf komi til greina eða ekki. Sagði hún sína skoðun að hverfa ætti frá fyrri stefnu um uppbyggingu gestastofa og leggja áherslu á samstarf við stofnanir og sýningar sem fyrir eru á svæðunum.

Böðvar fór yfir umræðu í þessum anda við Mývatn og erindi þar af lútandi um samstarf Mývatnsstofu og fyrirhugaðrar gestastofu þar.

Hjalti sagði það sitt sjónarmið að stjórn þjóðgarðsins ætti að nálgast öll mál er varða útgjöld þjóðgarðsins út frá þremur megin viðmiðum, þ.e. náttúruvernd, útivist og byggðaðróun. Ræða þyrfti um þessi mál einnig út frá þeim sjónarmiðum. Sagðist sammála Elínu Heiðu um stefnu í uppbyggingu gestastofa.

Kristveig tók undir orð fundarmanna og mikilvægi þess að vinna með heimamönnum á hverjum stað.

- Stjórn fagnar framkomnu erindi og felur framkvæmdastjóra og formanni að hefja viðræður við framkvæmdaráð samstarfshóps um þekkingarsetur.

- Styrkbeiðni frá Náttúrustofu Norðausturlands

Fyrir liggur beiðni frá Náttúrustofu Norðausturlands um styrk vegna verkefnisins: *Handbók í umhverfistúlkun – hugmyndafræði, aðferðir og tækifæri í íslenskri náttúru.*

- Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur enn ekki mótað stefnu um styrkveitingar og á meðan svo er er ekki hægt að verða við beiðni sem þessari. Stjórn bendir á að Vinir Vatnajökuls gætu verið farvegur fyrir verkefnið.

- Húsnæðismál fastráðinna starfsmanna

Þórður sagði að á norður- og suðursvæðum væri húsnæði fyrir þjóðgarðsverði en ekki á öðrum svæðum. Taldi hann mikilvægt að mótuð verði stefna í málinu af hálfu stjórnar innan tíðar, einkum vegna þess að framboð af húsnæði á Kirkjubæjarklaustri væri ekki mikið.

Björn Ármann og Böðvar gerðu grein fyrir umræðu um þessi mál á norður- og austursvæði.

Kristveig ræddi um mikilvægi þess að stefnan næði til allra fastráðinna starfsmanna á rekstrarsvæðum garðsins

- Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögu að stefnu í þessum málum.

- Ársskýrsla/Ársfundur

Kristveig taldi mikilvægt að þjóðgarðurinn gefi út ársskýrslu, til að halda utan um það helsta í starfsemi á árinu og ársreikning.

Stjórn er sammála um að leggja í vinnu við ársskýrslu fyrir árin 2008, 2009 og 2010 og svo framvegis árlega.

Kristveig vísaði í hugmynd Böðvars um ársfund á norðursvæði og taldi mikilvægt að slíkur fundur væri líka skipulagður fyrir allan þjóðgarðinn.

- Stjórn sammála um að einn fundur verði haldin fyrir þjóðgarðinn í heild sinni og árlegur samráðsfundur á hverju svæði.

9. Næsti stjórnarfundur

Magnús rifjaði upp tillögu sína um fasta fundartíma sem var samþykkt á sóinum tíma. Sagði að það hafi riðlast í vinnu við verndaráætlun.

Kristveig lagði til að þriðji miðvikudagur í mánuði verði fastur fundartími.

- Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði 15. desember á Höfn.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.50